**Ed.** **620. Breytingartillögur** [230. mál]

við frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   9. Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins.
3. Við 4. gr.
   a. Aftan við 1. málslið 1. málsgr. bætist: þar af tvo samkvæmt tilnefningu Iðnþróunarráðs.
   b. Aftan við 3. málsgr. bætist: Framkvæmdastjórn ber að gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.